

Aðalstjórnarfundur

3. apríl 2006 13:54

Upplýsingar frá Páli Ragnarssyni, 3. apríl 2006

Kom með kassa með starfsmerkjum félagsins og bók með nöfnum þeirra sem hlotið hafa viðurkenninguna. Einhverjir eiga eftir að taka við viðurkenningunni og nýrri stjórn falið að geyma merkin og koma þeim til skila. Nokkuð var um ómerkt merki sem geta nýst þegar næstu starfsmerki félagsins verða veitt.

Fyrir 15. apríl þarf að vera búið að skila starfsskýrslu í Felix.

Flöskuskúrinn þarf að rýma eigi síðar en 1. apríl 2006 skv. bréfi frá Elsu í Sveitarfélaginu. Skúrinn er opinn öllum -- það þarf að tína út dósir og skila inn.

Beiðni um styrk vegna ráðningar framkvæmdastjóra félagsins var vísað til gerðar fjárhagsáætlunnar. Hugsað um mann sem sér um bókhald og almennan rekstur. Páll fór á fund með Rúnari Vífilssyni.

Samningar lausir við KBBanka og Steinull. KBBankamenn segjast ætla að ræða við nýja stjórn.

Lán í KBBanka sem greiðist upp 1. október 2006. Greiðsla frá ESSO er komin sem á að nota til að borga þessa afborgun. Samningur við ESSO er útrunninn og hann þarf að endurnýja. Jón Eðvald tók þátt í þessu á sínum tíma.

ESSO gerði einhverjar athugasemdir vegna auglýsinga frá samkeppnisaðilum. Jóhann hjá ESSO sér um auglýsingamálin hjá þeim.

Deildirnar sjá um samskiptin við samböndin. Þingin eru í gegnum UMSS. Deildirnar hafa sent sína fulltrúa.

UMSS þing þar sem formaður UMFT er sjálfkjörinn og deildir senda 1 - 2 fulltrúa. UMFT á að senda 11 menn á þingið. Formannafundur hjá UMSS eru á haustin.

Fundagerðarbók fyrir stjórnarfundum og sérstök fundagerðarbók fyrir aðalfundi félagsins eru á skrifstofunni.

Arnar Halldórsson hefur séð um heimasíðu félagsins.

Búningamálin er Elínborg og Ómar með. Eru að vinna að málinu í samvinnu við Halldór í Henson.

Frimann ætlar að senda reikning á KS fyrir fyrstu þremur mánuðum ársins 2006.

Halldór Halldórsson er að safna saman upplýsingum fyrir KBBanka. Skv. Frímanni ætlaði hann að hitta Birgi vegna áframhaldandi styrks KBBanka við Tindastól.

100 ára afmæli er 27. október 2007. Upp kom hugmynd um að rita sögu félagsins. Páll hefur talað við Björn Björnsson um verkið og hann tekið vel í það. Áætlaður kostnaður 5 - 6 milljónir og allir endar í peningamálum eru ófrágengnir. Stefán Guðmundsson ætlaði að fara með málið í KS og FISK og sótt hefur verið um styrk frá Sveitarfélaginu. Talað um 500þ í tvö ár frá hverjum aðila. Páll taldi mögulegt að fá styrk frá UMFÍ vegna málsins.

Minningasjóður Rúnars Inga Björnssonar er í KBBanka. Formaður UMFT er formaður sjóðsins, Skólastjóri Árskóla og Sóknarprestur eru með í sjóðsstjórninni (Óskar og Guðbjörg). Þarna eru í dag

um tvær milljónir. Tekjur í sjóðinn eru sala minningakorta í Blóma- og gjafabúðinni og vextir af innistæðu. Foreldrar Rúnars Inga hafa gefið einhverja tug-þúsundkalla á afmæli Rúnars Inga inn í sjóðinn.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með sjóðnum. Þar er Lárus Ögmundsson tengiliður. Birgir Rafnsson hefur umsjón með sjóðnum fyrir hönd KBBanka. Hefur séð um bókhaldið.

Styrkir hafa verið veittir í gegnum deildir vegna skattamála þar sem styrkir á nafn hafa verið skattlagðir. Veltan er innan við 100þ krónur á ári. Á þessu ári er búið að veita 50þ krónum til þriðja flokks vegna Noregsferðar.